

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 208/2016

2018/EES/22/02

frá 28. október 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/479 frá 1. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á stevíöglýkósíðum (E-960) sem sætuefni í tiltekna drykkjarvörur sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs <sup>(2)</sup>.
- 3) Reglugerð (ESB) 2016/127 fellir úr gildi, frá og með 22. febrúar 2020, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB <sup>(3)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 22. febrúar 2020.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 77a (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128):

„77b. **32016 R 0127**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

- a) Eftirfarandi bætist við í A-hluta VI. viðauka:
- á íslensku: „Ungbarnablanda“ og „Stoðblanda“,
  - á norsku: „Morsmelkerstatning“ og „Tilskuddsblanding“.
- b) Eftirfarandi bætist við í B-hluta VI. viðauka:
- á íslensku: „Ungbarnamjólk“ og „Mjólkurstoðblanda“,
  - á norsku: „Morsmelkerstatning basert på melk“ og „Tilskuddsblanding basert på melk“.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
- „– **32016 R 0479**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/479 frá 1. apríl 2016 (Stjtíð. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 1).“
3. Texti liðar 54zzzzv (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB) fellur brott frá og með 22. febrúar 2020.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/127 og reglugerðar (ESB) 2016/479, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.